



Fréttatilkynning
Reykjavík 13. mars 2008

Afkoma Icelandic Group hf. árið 2007:

Stjórn Icelandic Group samþykkir hlutafjáraukningu um € 30 milljónir að markaðsverði

Helstu niðurstöður ársins og fjórða ársfjórðungs

- Vörusala € 1.384,4 milljónir á árinu og € 327,8 milljónir á fjórða ársfjórðungi
- Samdráttur í tekjum 5,9% á árinu, samdráttur 8,5% á fjórða ársfjórðungi
- Hagnaður fyrir vexti, skatta og afskriftir (EBITDA) € 28,3 milljónir á árinu og € 1,4 milljónir á fjórða ársfjórðungi
- Rekstrartap (EBIT) € 2,1 milljón á árinu og € 14,8 milljónir á fjórða ársfjórðungi
- Gjaldfærð virðisrýrnun € 11,8 milljónir
- Tap € 29,3 milljónir á árinu og € 29,0 milljónir á fjórða ársfjórðungi
- Handbært fé frá rekstri fyrir skatta og vexti € 57,2 milljónir
- Heildareignir € 796,1 milljónir – eiginfjárhlutfall 16,6 %
- Arðsemi eiginfjár neikvæð um 16,7%
- Tillaga stjórnar um aukningu á hlutafé um € 30 milljónir að markaðsverði

Finnbogi Baldvinsson forstjóri Icelandic Group:

„Árið 2007 var Icelandic Group afar erfitt og þar af var fjórði ársfjórðungurinn með slökustu afkomuna. Það hagræðingarferli sem félagið hefur margkynnt að sé í gangi hefur dregist og voru upphafleg markmið um endurskipulagningu félagsins óraunhæf. Einföldun á flóknum rekstri félagsins með fækkun verksmiðja og söluskrifstofa er vel á veg komin. Aðgerðirnar hafa gert okkur kleift að setja rekstrareiningunum skýrari markmið og er árangur þessarar vinnu farinn að koma í ljós. Félagið er nú vel í stakk búið til að takast á við hlutverk sitt sem leiðandi matvælaframleiðandi í sjávarafurðum.

Mikill samdráttur var í sölu Icelandic USA strax í upphafi fjórða ársfjórðungs 2007 og hafði efnahagssamdráttur í Bandaríkjunum veruleg áhrif á rekstur félagsins. Þá kom í ljós að rekstur Pickenpack Gelmer í Frakklandi var verri en áður hafði komið fram. Þetta

ásamt fleiru leiddi til þess að Icelandic Group náði ekki EBITDA markmiðum sínum, eins og kynnt hafði verið í níu mánaða uppgjöri félagsins.

Ég sé fram á að jafnvægi náist í rekstrinum á þriðja ársfjórðungi 2008 og að félagið verði rekið með hagnaði á árinu 2009. Félagið mun nú einbeita sér að rekstri og tími skuldsettra yfirtaka og kaupa á félögum er liðinn. Eitt megin verkefni Icelandic í dag er að bregðast við breyttu rekstrarumhverfi félagsins sem einkennist af miklum hráefnishækkunum ásamt hækkandi fjármagnskostnaði með lækkun á öðrum rekstrarkostnaði og afurðaverðshækkunum.

Sú staðreynd að stjórn félagsins hefur samþykkt að leggja fyrir aðalfund € 30 milljón hlutafjárukningu að markaðsverði, felur í sér sterk skilaboð til markaðarins. Með þessu er stjórn félagsins að sýna með áþreifanlegum hætti að hún stendur heilshugar á bak við þau áform sem uppi eru um einföldun á rekstri félagsins. Þetta er líka traustsýfirlýsing á þau markmið sem sett hafa verið fram um hagnað af rekstri á árinu 2009.”

Ársfjórðungayfirlit - lykiltölur					
Fjárhæðir í € '000	4F 2007	3F 2007	2F 2007	1F 2007	4F 2006
Vörusala	327.784	327.428	344.001	385.161	358.312
Kostnaðarverð seldra vara	(299.355)	(293.661)	(312.604)	(342.927)	(326.274)
Framlegð	28.429	33.767	31.397	42.234	32.038
Aðrar rekstrartekjur	4.318	1.934	1.230	1.656	2.370
Annar rekstrarkostnaður	(47.439)	(31.712)	(33.136)	(34.334)	(48.699)
Áhrif hlutdeildarféлага	(70)	(274)	(11)	(43)	(184)
(Rekstrartap) - hagnaður.....	(14.762)	3.715	(520)	9.513	(14.475)
Hrein fjármagnsgjöld.....	(12.620)	(8.781)	(1.214)	(5.872)	(7.147)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(27.382)	(5.066)	(1.734)	3.641	(21.622)
Tekjuskattur.....	(1.609)	2.517	1.650	(1.354)	6.947
(Tap) hagnaður tímabilsins	(28.991)	(2.549)	(84)	2.287	(14.675)
EBITDA	1.367	8.506	4.295	14.170	1.986
EBITDA hlutfall	0,4%	2,6%	1,2%	3,7%	0,6%

Fimm ára yfirlit - efnahagsreikningur					
Fjárhæðir í € '000	31.12.2007	31.12.2006	31.12.2005	31.12.2004	31.12.2003*
Fastafjármunir.....	366.146	407.282	275.231	142.400	66.008
Veltufjármunir.....	429.917	499.468	415.184	279.994	229.977
Eignir samtals.....	<u>796.063</u>	<u>906.750</u>	<u>690.415</u>	<u>422.394</u>	<u>295.985</u>
Eigið fé.....	132.330	176.241	116.741	35.759	52.267
Langtímaskuldir	195.442	228.182	142.837	112.860	35.935
Skammtímaskuldir.....	<u>468.291</u>	<u>502.327</u>	<u>430.837</u>	<u>273.775</u>	<u>207.783</u>
Eigið fé og skuldir samtals.....	<u>796.063</u>	<u>906.750</u>	<u>690.415</u>	<u>422.394</u>	<u>295.985</u>

*Lokastöðu ársins 2003 hefur ekki verið breytt til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Rekstrarreikningur ársins og fjórða ársfjórðungs 2007

Reikningsskilaaðferðir

Við gerð þessa ársreiknings er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreikningsins fyrir árið 2006.

Rekstrarreikningur - lykiltölur						
Fjárhæðir í € '000	4F 2007	4F 2006	Breyting %	2007	2006	Breyting %
Vörusala.....	327.784	358.312	-8,5%	1.384.374	1.471.316	-5,9%
Kostnaðarverð seldra vara.....	<u>(299.355)</u>	<u>(326.274)</u>	<u>-8,3%</u>	<u>(1.248.547)</u>	<u>(1.316.606)</u>	<u>-5,2%</u>
Framlegð	28.429	32.038	-11,3%	135.827	154.710	-12,2%
Aðrar rekstrartekjur.....	4.318	2.370	82,2%	9.138	10.587	-13,7%
Annar rekstrarkostnaður.....	(47.439)	(48.699)	-2,6%	(146.621)	(160.533)	-8,7%
Áhrif hlutdeildarféлага.....	(70)	(184)		(398)	700	
(Rekstrartap) - hagnaður (EBIT) ..	(14.762)	(14.475)	2,0%	(2.054)	5.464	-137,6%
Hrein fjármagnsgjöld.....	<u>(12.620)</u>	<u>(7.147)</u>	<u>76,6%</u>	<u>(28.487)</u>	<u>(24.005)</u>	<u>18,7%</u>
Tap fyrir tekjuskatt	(27.382)	(21.622)	26,6%	(30.541)	(18.541)	64,7%
Tekjuskattur.....	<u>(1.609)</u>	<u>6.947</u>	<u>-123,2%</u>	<u>1.204</u>	<u>7.118</u>	<u>-83,1%</u>
Tap tímabilsins	(28.991)	(14.675)	97,6%	(29.337)	(11.423)	156,8%
EBITDA	1.367	1.986	-31,2%	28.338	36.946	-23,3%
EBITDA hlutfall	0,4%	0,6%		2,0%	2,5%	
Tap á hlut.....	(0,0101)	(0,0051)		(0,0103)	(0,0040)	

Vörusala á árinu nam € 1.384,4 milljónum samanborið við € 1.471,3 milljónir síðasta ári. Lækkun í vörusölu nemur 5,9%. Vörusala fjórða ársfjórðungs nam € 327,8 milljónum samanborið við € 358,3 milljónir á fjórða ársfjórungi 2006. Það samsvarar 8,5% lækkun.

Starfsþættir – skipting eftir eðli rekstrar

Sala eftir eðli rekstrar greinist þannig:

Starfsþættir - skipting sölu eftir eðli rekstrar	2007	2006	Breyting%
Fjárhæðir í € '000			
Framleiðslufyrirtæki.....	1.113.935	1.147.847	-3,0%
Sölu- og markaðsfyrirtæki.....	601.238	629.560	-4,5%
Þjónustu og eignarhaldsfélög.....	7.618	35.332	-78,4%
	1.722.791	1.812.739	-5,0%
Jöfnunarfærslur.....	(338.417)	(341.423)	-0,9%
Sala samtals	1.384.374	1.471.316	-5,9%

Starfsþættir – skipting eftir landsvæðum

Sala eftir landsvæðum greinist þannig:

Starfsþættir - skipting sölu eftir landsvæðum	2007	2006	Breyting%
Fjárhæðir í € '000			
Bandaríkin.....	341.161	369.304	-7,6%
Evrópa án Bretlands.....	554.897	552.573	0,4%
Bretland.....	417.875	487.006	-14,2%
Asia.....	408.858	403.856	1,2%
	1.722.791	1.812.739	-5,0%
Jöfnunarfærslur.....	(338.417)	(341.423)	-0,9%
Sala samtals	1.384.374	1.471.316	-5,9%

Rekstrartap (EBIT) nam € 2,1 milljónum á árinu samanborið við rekstrarhagnað € 5,5 milljónir á síðasta ári. Rekstrartap fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam € 14,8 milljónum samanborið við € 14,5 milljónir á fjórða ársfjórðungi 2006.

Hagnaður fyrir vexti, skatta og afskriftir (EBITDA) á árinu nam € 28,3 milljónum samanborið við € 36,9 milljónir á síðasta ári. Hagnaður fyrir vexta, skatta og afskriftir á fjórða ársfjórðungi 2007 nam € 1,4 milljónum samanborið við € 2,0 milljónir á sama tímabili síðasta árs.

Hrein fjármagnsgjöld á árinu námu € 28,5 milljónum samanborið við € 24,0 milljónir á árinu 2006. Gengistap á árinu nam € 7,6 milljónum samanborið við gengishagnað að fjárhæð € 5,9 milljónum á síðasta ári. Hagnaður vegna breytinga á matsverði eignarhluta nam € 15,6 milljónum samanborið við € 23 milljónir á síðasta ári. Hagnaðurinn skýrist að mestu af hækkun á markaðsverði eignarhluta í FPI Ltd. Hagnaður af sölu hlutabréfa nemur € 1,1 milljón samanborið við tap að fjárhæð € 1,5 milljón á árinu 2006. Hrein fjármagnsgjöld á fjórða ársfjórðungi námu € 12,6 milljónum samanborið við € 7,1 milljón á fjórða ársfjórðungi 2006.

Tekjufærður tekjuskattur á árinu nam € 1,2 milljónum og € 7,1 milljón á síðasta ári. Gjaldfærður tekjuskattur í fjórða ársfjórðungi nam € 1,6 milljónum samanborið við tekjufærðan tekjuskatt að fjárhæð € 6,9 milljónir á sama tímabili síðasta árs. Tekjuskattur er lægri en búast mætti við þar sem tap einstakra samstæðufélaga leiðir í nokkrum tilvikum til þess að ekki er færður tekjuskattur þar.

Tap á árinu nam € 29,3 milljónum samanborið við € 11,4 milljónir á síðasta ári. Tap á fjórða ársfjórðungi nam € 29,0 milljónum samanborið við € 14,7 milljóna tap á fjórða ársfjórðungi 2006.

Efnahagsreikningur

Efnahagsreikningur samstæðunnar- lykiltölur			
Fjárhæðir í € '000	31.12.2007	31.12.2006	Breyting %
Fastafjármunir	366.146	407.282	-10,1%
Veltufjármunir.....	429.917	499.468	-13,9%
Eignir samtals.....	<u>796.063</u>	<u>906.750</u>	<u>-12,2%</u>
Eigið fé.....	132.330	176.241	-24,9%
Langtímaskuldir	195.442	228.182	-14,3%
Skammtímaskuldir.....	<u>468.291</u>	<u>502.327</u>	<u>-6,8%</u>
Eigið fé og skuldir samtals.....	<u>796.063</u>	<u>906.750</u>	<u>-12,2%</u>

Heildareignir Icelandic Group í árslok námu € 796,1 milljónum samanborið við € 906,8 milljónir í lok árs 2006.

Fastafjármunir námu € 366,1 milljón í árslok samanborið við € 407,3 milljónir í árslok 2006. Óefnislegar eignir námu € 227,2 milljónum samanborið við € 256,1 milljón í lok árs 2006. Viðskiptavild að fjárhæð € 11,4 milljónir og viðskiptasambönd að fjárhæð € 0,4 milljónir stóðust ekki virðisrýrnunarpróf því eru € 11,8 milljónir eru því gjaldfærðar í rekstrarreikningi vegna virðisrýrnunar.

Veltufjármunir námu € 429,9 milljónum samanborið við € 499,5 milljónir í árslok 2006. Birgðir námu € 242,5 milljónum samanborið við € 299,2 milljónir í árslok 2006, og hafa því lækkað um 23,3%.

Heildarskuldir í lok árs námu € 663,7 milljónum samanborið við € 730,5 milljónir í árslok 2006. Nettó skuldir (heildarskuldir að frádregnum veltufjármunum) námu € 233,8 milljónum í árslok, samanborið við € 231,0 milljón í árslok 2006. Vaxtaberandi skuldir námu € 514,5 milljónum samanborið við € 562,2 milljónir í árslok 2006.

Eigið fé í lok árs nam € 132,3 milljónum samanborið við € 176,2 milljónir í árslok 2006. Eiginfjárhlutfallið er 16,6% samanborið við 19,4% í lok árs 2006.

Sjóðstreymi

Sjóðstreymi - lykiltölur			
Fjárhæðir í € '000	2007	2006	Breyting %
Handbært fé frá (til) rekstrar án vaxta og skatta.....	57.219	(14.740)	488%
Handbært fé frá (til) rekstrar.....	23.792	(42.833)	156%
Fjárfestingarhreyfingar.....	12.175	(12.567)	197%
Fjármögnunarhreyfingar.....	(27.209)	48.194	-156%
Breyting handbærs fjár.....	8.758	(7.206)	222%

Handbært fé frá rekstri fyrir greiðslu skatta og vaxta nam € 57,2 milljónum samanborið við handbært fé til rekstrar að fjárhæð € 14,7 milljónir á árinu 2006. Að teknu tilliti til greiðslu vaxta og tekjuskatts nam handbært fé frá rekstri € 23,8 milljónum en á árinu 2006 nam handbært fé til rekstrar € 42,8 milljónum. Hreinar fjárfestingar skiluðu um € 12,2 milljónum af handbæru fé en bundu € 12,6 milljónir á árinu 2006. Fjármögnunarhreyfingar bundu um € 27,2 milljónir af handbæru fé en skiluðu á sama tímabili síðasta árs € 48,2 milljónum. Handbært fé í árslok var € 28,2 milljónir.

Atburðir á fjórða ársfjórðungi 2007

Björgólfur Jóhannsson forstjóri Icelandic Group tilkynnti um uppsögn sína þann 14. desember. Jafnframt var því lýst yfir af stjórn félagsins að samið hefði verið um starfslok hans og þau yrðu formlega 15. janúar.

Icelandic USA seldi þann 31. desember 2007 verksmiðjuhúsnæði sitt og tæki í Cambridge, Maryland. Engin starfsemi hafði verið í húsnæðinu síðan í júní 2007 þegar öll framleiðslan var flutt á einn stað í Newport News, Virginíu. Eins og áður hefur komið fram var lokunin á Cambridge verksmiðjunni lokahnykkurinn í sameiningu Icelandic USA og Samband of Iceland sem hófst á árinu 2005. Verksmiðjan í Newport News er nýrri og vel tæknilega búin til að þjóna núverandi viðskiptavinum Icelandic USA og framtíðarvexti.

Dótturfyrirtæki Icelandic USA, Ocean to Ocean, seldi allar birgðir sínar í Bandaríkjunum og vörumerki tengd þeim birgðum til Singleton Fisheries undir nafninu Meridian.

Atburðir eftir fjórða ársfjórðungi 2007

Í byrjun febrúar tilkynnti stjórn Icelandic Group um ráðningu Finnþoga Baldvinssonar sem forstjóra félagsins. Finnþogi tók þegar við starfinu en hann hafði frá 2006 gegnt starfi forstjóra Icelandic Europe.

Ocean to Ocean, dótturfélag Icelandic USA, seldi í febrúar vöruheiti Ocean to Ocean í Kanada, viðskiptasambönd, umbúðir, vörumerki Ocean to Ocean Kanada og birgðir. Kaupendur voru stjórnendur Ocean to Ocean. Meðal stjórnendanna eru Joe Wineck forstjóri og Lillian Chow aðstoðarforstjóri og eiga þau meirihluta í félaginu sem kaupir eignirnar. Ástand á rækjumörkuðum hefur versnað til muna á síðastliðnum árum og

gerir sala á Kanada hlutanum Icelandic USA kleift að einbeita sér að sínu sviði sem er fullunnar sjávarafurðir og hefðbundnar bolfiskafurðir.

Allan Jensen var ráðinn framkvæmdastjóri Pickenpack Gelmer í febrúar 2008. Allan Jensen er ábyrgur fyrir framleiðslu og Torsten Krüger er ábyrgur fyrir stjórnun.

Coldwater Seafood Ltd., dótturfélag Icelandic Group, tilkynnti í mánuðinum að félagið hefði hafið lögbundinn 90 daga samningaferil vegna endurskipulagningar á rekstri Coldwater í Redditch. Ferillinn hefst á því að verkalýðsfélög á svæðinu, ásamt fulltrúum starfsmanna félagsins í Redditch, eru upplýstir um fyrirhugaða endurskipulagningu. Á meðan á samningaferlinu stendur mun Coldwater Seafood skoða alla valkosti varðandi endurskiplagningu á rekstrinum. Hjá Coldwater Seafood í Bretlandi starfa um 900 starfsmenn í þremur verksmiðjum, tvær eru í Grimsby og ein í Redditch.

Á fundi stjórnar Icelandic Group í dag, þann 13. mars, var samþykkt að leggja til við aðalfund að hlutafélagins verði aukið um € 30 milljónir að markaðsverði.

Samþykkt ársreiknings

Stjórn Icelandic Group hf. samþykkti ársreikninginn fyrir árið 2007 á stjórnarfundum 13. mars 2007. Ársreikningurinn hefur verið endurskoðaður af endurskoðendum félagsins.

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila

Föstudaginn 14. mars verður haldinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila. Fundurinn fer fram í húsnæði félagsins að Borgartúni 27 Reykjavík og hefst kl. 8:30. Á fundinum munu stjórnendur félagsins kynna ársuppgjörið. Hægt verður að nálgast kynninguna á vefsvæði félagsins, www.icelandic.is, og á vefsvæði OMX Nordic Exchange á Íslandi (www.omxgroup.com/nordicexchange/) að fundi loknum.

Aðalfundur og birtingaráætlun 2008

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Sunnusal Hótel Sögu fimmtudaginn 10. apríl nk. kl. 16.

Aðalfundur Icelandic Group	14. apríl 2008
Árshlutauppgjör fyrsti fjórðungur 2008	vika 21 2008
Árshlutauppgjör annar fjórðungur 2008	vika 33 2008
Árshlutauppgjör þriðji fjórðungur 2008	vika 47 2008
Ársuppgjör og fjórði ársfjórðungur 2008	vika 11 2009

Birtingaráætlun er einnig að finna á vefsíðu Icelandic Group, www.icelandic.is.

Fréttatilkynningar

Ef óskað er eftir að fá sendar fréttatilkynningar Icelandic Group í tölvupósti er hægt að skrá sig á eftirfarandi síðu: <http://icelandic.is/index.aspx?GroupId=84>

Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar veitir:

Finnbogi Baldvinsson, forstjóri Icelandic Group S: +49 1723 198 727

Reykjavík 13. mars 2008
Icelandic Group

Um Icelandic Group

Icelandic Group (OMX Nordic Exchange: IG) er alþjóðlegt net fyrirtækja sem starfa hvert á sínum markaði við framleiðslu og sölu sjávarafurða. Á mörgum mörkuðum er félagið þekkt fyrir vörumerki sitt ICELANDIC, sérstaklega innan veitingahúsa og mótuneyta. Félagið er einnig stór birgi smásöluverslana með framleiðslu undir eigin vörumerkjum eða undir vörumerkjum smásölukeðjanna. Starfsmenn Icelandic Group eru um 4.900. Hjá þeim stóra hópi liggur yfirgripsmikil þekking sem spannar allt frá veiðum og frumvinnslu sjávarfangs til vöruþróunar og framleiðslu tilbúinna rétta og þekking á markaði.

Fimm ára yfirlit - rekstrarreikningur					
Fjárhæðir í € '000	2007	2006	2005	2004	2003*
Vörusala.....	1.384.374	1.471.316	1.200.257	802.624	679.183
Kostnaðarverð seldra vara.....	(1.248.547)	(1.316.606)	(1.084.702)	(719.586)	(609.796)
Framlegð	135.827	154.710	115.555	83.038	69.387
Aðrar rekstrartekjur.....	9.138	10.587	4.761	5.811	3.346
Annar rekstrarkostnaður.....	(146.621)	(160.533)	(118.057)	(66.156)	(59.342)
Áhrif hlutdeildarféлага.....	(398)	700	154	(702)	(1.664)
(Rekstrartap) - hagnaður	(2.054)	5.464	2.413	21.991	11.727
Hrein fjármagnsgjöld.....	(28.487)	(24.005)	(21.740)	(10.449)	(3.836)
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(30.541)	(18.541)	(19.327)	11.542	7.891
Tekjuskattur.....	1.204	7.118	4.235	(4.672)	(2.119)
(Tap) hagnaður	(29.337)	(11.423)	(15.092)	6.870	5.802
EBITDA	28.338	36.946	16.222	28.941	19.250
EBITDA hlutfall	2,0%	2,5%	1,4%	3,6%	2,8%

*Rekstrarreikningi ársins 2003 hefur ekki verið breytt til samræmis við alþjóðlega reikningsskilastaðla